



Norðlingabraut 7 Byggingarleyfisumsókn

Sótt er um leyfi til þess að byggja spenn- og rofastöð á lóð nr. 7 við Norðlingabraut.



AR2040



Gildandi deiliskipulag fyrir Norðlingabraut 7

Skipulagsleg staða


Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 (AR2040). Samkvæmt AR2040 er Norðlingabraut 7 á skilgreindu verslunar- og þjónustuvæði VP50:

„Einkum ætluð fyrir þjónustu við vegfarendur, s.s. með orkusölu, þjónustu við farartæki og veitingasölu, samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi.“

Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag Norðlingaholts, samþykkt í borgarráði þann 11. apríl 2003, ásamt síðari breytingum. Breyting á deiliskipulaginu vegna Norðlingabrautar 7 var samþykkt þann 20. desember 2006.



Uppdrættir með umsókn




Umsögn / Niðurstaða

Sótt er um leyfi til þess að byggja 7,5 m² spenn- og rofastöð á austurhluta lóðar sbr. meðfylgjandi uppdrætti. Engin heimild fyrir rofa- og spennistöð er skilgreind á lóðinni skv. gildandi deiliskipulagi og enginn byggingarreitir kemur fram á deiliskipulagsuppdrætti.

Skipulagsfulltrúi tekur því neikvætt í erindið.

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að umsækjandi láti vinna breytingu á deiliskipulaginu, á eigin kostnað, til þess að skilgreina heimild fyrir spennistöð að Norðlingabraut 7 sbr. umsókn.



Afstöðumynd með umsókn

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir
arkitekt / verkefnastjóri